



REGLUR UM ÖRYGGISBLÖÐ

Kröfur sem gilda um öryggisblöð koma fram í 31. gr. REACH reglugerðarinnar og leiðbeiningar um samantekt öryggisblaða eru í II. viðauka í sömu reglugerð. Áður voru leiðbeiningarnar í reglugerð nr. 1027/2005 sem nú er brottfallin. Nokkrar nýjungar eru gerðar á kröfum um öryggisblöð með þessari breytingu og tóku þær gildi í júní 2008 þegar REACH reglugerðin var innleidd á Íslandi. Kröfur um samantekt öryggisblaða voru uppfærðar árið 2010 og tók sú breyting gildi hér á landi árið 2012.

Öryggisblað skal vera á íslensku og afhent á pappírsformi eða rafrænt, án endurgjalds. Þó er heimilt að afhenda öryggisblöð með efni eða efnablöndu á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku til viðtakanda efna sem stunda rannsóknir og þróun enda sé um að ræða afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji annað erlent mál vegna menntunar eða annarrar sérhæfingar. Heimild þessi gildir þó einungis ef magn efnis eða efnablöndu sem er afhent er minna en 1 kg á ári á hvern viðtakanda.

Afhenda skal öryggisblaðið áður en eða á sama tíma og efnavaran er afhent í fyrsta skipti. Ef um endurtekna pöntun er að ræða þarf ekki að afhenda öryggisblað í hvert skipti, nema breyting hafi orðið á því í millitíðinni.

HVENÆR ER SKYLT AÐ LÁTA AF HENDI ÖRYGGISBLÖÐ?

Í gr. 31.1 REACH reglugerðarinnar segir:

„Birgir efnis eða efnablöndu skal sjá viðtakanda efnisins eða efnablöndunnar fyrir öryggisblaði sem tekið hefur verið saman í samræmi við II. viðauka:

- ef efni eða efnablanda uppfyllir viðmiðanir þannig að það flokkast sem hættulegt í samræmi við tilskipanir 67/548/EBE eða 1999/45/EB eða
- ef efni er þrávirkt, safnast upp í lífverum og er eitrad eða er mjög þrávirkt og safnast í miklum mæli upp í lífverum í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XVII. viðauka eða
- ef efni er tilgreint í skránni sem tekin er saman í samræmi við 1. mgr. 59. gr., af öðrum ástæðum en þeim sem um getur í a- og b-lið“. (Hér er átt við leyfisskyld efni).

Skv. REACH þá er viðtakandi efnis eða efnablöndu skilgreindur sem eftirnotandi eða dreifandi.

- Eftirnotandi er sá sem notar efni, annað hvort eitt sér eða í efnablöndu, við iðnaðarstarfsemi sína eða faglega starfsemi.
- Dreifandi er einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. smásali, sem einungis geymir og setur efni á markað, eitt sér eða í efnablöndu, á vegum þriðja aðila.

Þetta þýðir að þegar efni eða efnablanda er seld til aðila sem ætlar að nota hana við iðnaðarstarfsemi/faglega starfsemi og/eða selja hana áfram í smásölu, þá skulu öryggisblöð fylgja með vörunni.

Auk ofangreindra reglna getur viðtakandi efnis í ákveðnum tilfellum beðið um öryggisblöð sbr. gr. 31.3 en þar segir:

“ Birgirinn skal að beiðni viðtakandans sjá honum fyrir öryggisblaði, sem er tekið saman í samræmi við ákvæði II. viðauka, ef efnablanda uppfyllir ekki viðmiðanir til að flokkast sem hættuleg í samræmi við 5., 6. og 7. gr. tilskipunar 1999/45/EB en inniheldur:



- a) a.m.k. eitt efni sem skapar hættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið og er eitt sér í styrk sem nemur $\geq 1\%$ m.v. þyngd fyrir efnablöndu, sem er ekki loftkennd, og $\geq 0,2\%$ m.v. rúmmál fyrir loftkennda efnablöndu eða
- b) a.m.k. eitt efni sem er þrávirkt, safnast upp í lífverum og er eitrad eða er mjög þrávirkt og safnast í miklum mæli upp í lífverum í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka og er eitt sér í styrk sem nemur $\geq 0,1\%$ m.v. þyngd í efnablöndu, sem er ekki loftkennd, eða hefur af öðrum ástæðum en þeim sem um getur í a-lið verið fært í skrána sem tekin var saman í samræmi við 1. mgr. 59. gr. eða
- c) efni sem fellur undir viðmiðunarmörk Bandalagsins fyrir váhrif á vinnustöðum.

Þetta þýðir að þegar efnablöndur sem uppfylla ofangreindar kröfur eru seldar til atvinnutengdrar starfsemi, þá skal öryggisblað fylgja með, ef þess er óskað.

Þegar kemur að sölu efna og efnablandna til almennings segir í gr. 31.4:

„Ef eftirnotandi eða dreifandi fer ekki fram á það er ekki nauðsynlegt að láta öryggisblað fylgja hættulegum efnum eða efnablöndum, sem eru boðnar eða seldar almenningi, ef þeim fylgja nægilegar upplýsingar til að notendur geti gert nauðsynlegar ráðstafanir að því er varðar heilsuvernd, öryggi og umhverfisvernd.“

Hér ættu merkingar og varúðar- og hættusetningar á umbúðum efnavara að duga í flestum tilfellum en til eru dæmi um að útbúnar séu sérstakar leiðbeiningar um örugga notkun.

UPPLÝSINGAGJÖF Í AÐFANGAKEÐJUNNI - VÁHRIFASVIÐSMYNDIR

Með tilkomu REACH þá gildir nú að ef efni/efnavara eru framleidd eða flutt inn á Evrópska efnahagssvæðið í meira magni en 10 tonn á ári skal skráningaraðilinn gera efnaöryggisskýrslu en í henni eru skráðar niðurstöður úr sérstöku efnaöryggismati. Styrkur efna í efnablöndu þarf að ná ákveðnu marki til að þetta ákvæði gildi (gr. 14.2).

Efnaöryggismat felur í sér

- a) mat á hættu fyrir heilbrigði manna,
- b) eðlisefnafræðilegt hættumat,
- c) mat á hættu fyrir umhverfið,
- d) mat á þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrifum (PBT) efna og
- e) mat á mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun efna (vPvB) í lífverum.

Ef skráningaraðilinn kemst að því, eftir ofangreint mat, að efnið uppfylli viðmiðanirnar þannig að það flokkist sem hættulegt eða er metið sem PBT-efni eða vPvB-efni þá skal gera mat á áhrifum, þ.m.t. gerð váhrifasviðsmyndar og áhættulýsingu sem nær til allrar tilgreindrar notkunar skráningaraðilans. Eftirnotendur eiga rétt á að upplýsa skráningaraðilann um sína notkun til að fá hana metna inn í váhrifasviðsmyndina. Ef eftirnotandi efnis uppfyllir ekki þau skilyrði sem lýst er í váhrifasviðsmynd efnis/efnablöndu, skal hann taka saman eigin efnaöryggisskýrslu, með ákveðnum undantekningum þó (gr. 37., mgr. 4). Ath. Eftirnotendur eru þeir sem nota efnið/efnablönduna í atvinnuskyni.

Allir aðilar í aðfangakeðjunni sem er skylt að taka saman öryggisskýrslu skulu láta viðeigandi váhrifasviðsmyndir fylgja í viðauka við öryggisblaðið, sem tekur til tilgreindrar notkunar. Þannig er safnað saman upplýsingum um hugsanlega áhættu efnis/efnablöndu og örugga notkun og hún gerð aðgengileg í aðfangakeðjunni.



UPPFÆRSLA ÖRYGGISBLAÐA

í gr. 31.9 í REACH segir:

„Birgjar skulu uppfæra öryggisblaðið tafarlaust í eftirfarandi tilvikum:

- a) um leið og fyrir liggja nýjar upplýsingar, sem geta haft áhrif á ráðstafanir við áhættustjórnun, eða nýjar upplýsingar um hættu,
- b) þegar leyfi hefur verið veitt eða synjað hefur verið um leyfi,
- c) þegar takmarkanir hafa verið settar.

Þessi nýja, dagsetta útgáfa upplýsinganna, tilgreind sem “Endurskoðun: (dags)” skal afhent án þess að gjald komi fyrir, á pappír eða rafrænt, öllum fyrri viðtakendum sem þeir hafa afhent efnið eða efnablönduna næstu 12 mánuði á undan. Skráningarnúmerið skal vera á öllum uppfærslum eftir skráningu.“

Þetta þýðir að birgirinn skal senda uppfært öryggisblað á pappírformi eða rafrænt til viðtakandans sem, (sbr. skilgreiningu á viðtakanda hér að ofan) ætlar að nota hana við iðnaðarstarfsemi sína eða faglega starfsemi.

AÐGANGUR STARFSMANNA AÐ UPPLÝSINGUM

35. gr. REACH reglugerðarinnar fjallar um aðgang starfsmanna að upplýsingum. Þar segir:

„Vinnuveitandi skal veita starfsmönnum og fulltrúum þeirra aðgang að upplýsingunum, sem eru veittar í samræmi við 31. og 32. gr., í tengslum við efni eða efnablöndur sem þeir nota eða geta orðið fyrir váhrifum frá í starfi sínu“.

Hér er verið að vísa í 31. gr. sem er **Kröfur er varða öryggisblöð** og 32. gr. sem er **Skylda til að miðla upplýsingum eftir aðfangakeðjunni um efni sem eru ein sér eða í efnablöndum og sem öryggisblaðs er ekki krafist fyrir**.

HVAÐA UPPLÝSINGAR ÞURFA AÐ KOMA FRAM Á ÖRYGGISBLAÐI?

Öryggisblöðin skulu vera dagsett og innihalda eftirfarandi 16 fyrirsagnir ásamt undirfyrirsögnunum sem skráðar eru, nema í 3. lið þar sem aðeins þarf að hafa með undirliði 3.1 og 3.2, eftir því sem við á. Nánar upplýsingar um innihald er að finna í [kröfum um samantekt öryggisblaða](#)

1. LIÐUR: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

- 1.1. Vörukenni
- 1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá
- 1.3. Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins
- 1.4. Neyðarsímanúmer

2. LIÐUR: Hættugreining

- 2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar
- 2.2. Merkingaratriði
- 2.3. Aðrar hættur

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni



- 3.1. Efni
- 3.2. Blöndur

4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálpi

- 4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi
- 4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin
- 4.3. Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

- 5.1. Slökkvibúnaður
- 5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar
- 5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

- 6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir
- 6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins
- 6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar
- 6.4. Tilvísun í aðra liði

7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

- 7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun
- 7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika.
- 7.3. Sértek, endanleg notkun

8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

- 8.1. Takmörkunarfærubreytur
- 8.2. Váhrifavarnir

9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

- 9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika
- 9.2. Aðrar upplýsingar

10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

- 10.1. Hvarfgirni
- 10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki
- 10.3. Möguleiki á hættulegu efnahvarfi
- 10.4. Skilyrði sem ber að varast
- 10.5. Ósamrýmanleg efni
- 10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

- 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar





- 12.1. Eiturhrif
- 12.2. Þrávirkni og niðurbriótanleiki
- 12.3. Uppsöfnun í lífverum
- 12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi
- 12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og VPvB-eiginleikum
- 12.6. Önnur skaðleg áhrif

13. LIÐUR: Förgun

- 13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

14. LIÐUR: Upplýsingar um flutninga

- 14.1. UN-númer
- 14.2. Rétt UN-sendingarheiti
- 14.3. Hættuflokkur eða –flokkar vegna flutninga
- 14.4. Pökkunarflokkur
- 14.5. Umhverfishættur
- 14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda
- 14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 og IBC-kóðanum.

15. LIÐUR: Upplýsingar varðandi regluverk

- 15.1. Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis
- 15.2. Efnaöryggismat

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

